HEIMURINN

Hoppaði upp úr lauginni

Hann var í Ísrael að endurstaðfesta skírn sína þegar kallið kom: Brasilíska landsliðið þurfti á honum að halda. Willian segir Sunnudagsblaði Morgunblaðsins þessa skemmtilegu sögu.

Arthur Renard info@arthurrenard.nl

Þegar leikurinn gegn Perú var að renna sitt skeið á enda batt Willian viðeigandi endahnút. Stakk sér inn frá vinstri – rétt fyrir utan vítateiginn – og hægrifótarskot hans söng í bláhorni Perúmarksins. Mark kvöldsins. Þetta voru tilþrif sem áhangendur Chelsea eru orðnir vanir enda þótt leikvangurinn væri ekki sá sami. Í stað Stamford Bridge erum við að tala um Arena Corinthians í São Paulo.

Það hefði allt getað farið á annan veg. Upphaflega var Willian ekki valinn í landsliðshóp Brasilíu fyrir Ameríkukeppnina og hafði gert allt önnur plön fyrir sumarið eftir að hafa unnið Evrópudeildina með Chelsea í lok maí. En þegar Neymar þurfti að draga sig út úr hópnum vegna ökklameiðsla komst Tite landsliðsþjálfari að þeirri niðurstöðu að Willian væri rétti maðurinn til að leysa hann af hólmi. Skömmu síðar hringdi síminn og Willian gleymir því líklega seint.

„Ég var í Ísrael með fjölskyldu minni að njóta sumarfrísins,“ sagði hann í samtali við blaðamann strax eftir Perúleikinn. „Nánar tiltekið þá var ég í sundlauginni með börnunum mínum þegar Edu [yfirmaður knattspyrnumála hjá brasilíska landsliðinu] hringdi. Ég svaraði og hann kom sér beint að efninu: „Ég vil fá þig til Brasilíu.“ Ég þurfti ekki að hugsa mig tvisvar um. Sagði bara við frúna: Við þurfum að fljúga til Brasilíu vegna þess að landsliðið hringdi og þarf á mér að halda.“

Willian var um borð í næsta flugi og skilaði sér hratt í æfingabúðir Brasilíu, þar sem honum var úthlutað númerinu hans Neymars. 10.

Hljómar einfalt en þetta var samt ekki eins og að binda enda á hvert annað sumarfrí. Willian var í Ísrael af mjög sérstakri ástæðu. Örfáum dögum fyrir símatalið var hann við bakka árinnar Jórdan til að endurstaðfesta skírn sína. Sem guðhræddur kristinn maður lagði hann leið sína á hinar helgu slóðir ásamt eiginkonu sinni og tveimur dætrum til að ganga í gegnum þessa helgiathöfn.

Willian fagnar glæsimarki sínu gegn Perú.

AFP

Skömmu síðar var hann um borð í flugvél á leið heim til Brasilíu til að takast á hendur verkefni fyrir þjóð sína; að hjálpa landsliðinu að vinna Ameríkukeppnina í fyrsta skipti frá árinu 2007. Um liðna helgi kórónaði hann þessa eftirminnilegu endurkomu sína í liðið með frábæru marki og hlakkar nú til næstu leikja.

Eftir markið féllust þeir Tite í faðma og Willian er þjálfaranum afar þakklátur fyrir að hafa að endinguvalið sig til þátttöku á mótinu. „Hann er frábær manneskja og frábær þjálfari. Hann er okkur öllum sem faðir og ástúðin er mikil. Ég faðmaði hann að mér vegna þess að markið var geggjað og tilfinningarnar streymdu fram eins og lækur.“

Allt hverfist um Ameríkukeppnina þegar fundum okkar ber saman en vangaveltur hafa verið um framtíð Willians þegar kemur að félagsliði. Orðrómur er á kreiki þess efnis að kínverska félagið Shanghai Shenhua hafi boðið honum mjög ábatasaman samning – sem hann á að hafa hafnað. Leikstjórnandinn brasilíski á eitt ár eftir af samningi sínum við Chelsea og þeir Vestlundúnungar munu án efa gera allt sem í þeirra valdi stendur til að halda honum, ekki síst með hliðsjón af því að kaupbann vofir yfir félaginu. Spurningin er hvort þeir muni bjóða honum tveggja ára samning – eins og þeir gerðu við David Luiz – þrátt fyrir þá stefnu að bjóða leikmönnum sem komnir eru yfir þrítugt aðeins eins árs framlengingu í senn.

Ræðir um Chelsea síðar

Eftir Perúleikinn vildi Willian bíða með að tjá sig um framtíðaráform sín. „Ég vil ekkert tjá mig um þau mál á þessu stigi. Núna vil ég bara tala um landsliðið og Ameríkukeppnina. Við getum rætt um Chelsea og þau mál síðar.“

Ef marka má fleyginn gegn Perú, hefur Willian alla burði til að vera áfram lykilmaður hjá Chelsea um ókomin ár; ekki sést eftir að Eden Hazard er farinn. Fyrir húsbændur á Brúnni gæti frelsun verið í því fólgin að semja við Willian til lengri tíma.

Við þetta má bæta að Willian var aftur á skotskónum þegar Brasilía lagði Paragvæ aðfaranótt föstudags og tryggði sér sæti í undanúrslitum.

Fyrirsögn 22 pt

Úr ólíkum áttum

Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir
thordiskolbrun@anr.is

Hér kemur texti. Hér kemur texti. Hér kemur texti.